

Tommi og tækin





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt
þyngdarflokkin Menntamálastofnunar.


Tommi og tækin

ISBN 978-9979-0-2552-8
© 2009 Jón Guðmundsson
© 2009 myndir: Böðvar Leós

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir


1. útgáfa 2009
Menntamálastofnun
Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Iðnprent



Tomma fannst ekkert skemmtilegra
en að þjóta með pabba um fjöll og firnindi
á vélsleðanum.

Þeir geystust áfram á ógnarhraða
um fannhvít fjöllin
og komu ekki heim fyrr en komið var kvöld.



Tommi var sveitastrákur.

Hann átti heima á bænum Múla.


Tommi var líka vélastrákur.

Honum fannst vélarnar á bænum
alveg stórkostlegar.

Tommi vissi margt um vélar.

Hann hafði oft hjálpað pabba að gera við
traktorinn, jeppann eða fjórhjólið.

En Tommi var bara 8 ára.
Það fannst honum slæmt.
Hann mátti ekkert.
Hann mátti hvorki aka bíl,
traktor né vélsleða.
Hann mátti bara hjóla á hjólinu sínu.





- Æi, ég vildi að ég væri orðinn stór, sagði Tommi eitt sinn við pabba.
- Rólegur strákur, sagði pabbi. Þú verður orðinn stór áður en þú veist af.

Tommi var samt óþolinmóður.

- Eftir nokkur ár máttu keyra traktorinn, sagði pabbi.

– Má ég þá líka keyra snjósleðann?
spurði Tommi ákafur.

– Já, líka snjósleðann, sagði pabbi
og sló hressilega í öxlina á Tomma.
Vertu bara þolinmóður,
Tommi minn.

Tomma leið betur.



Á bænum þar sem Tommi bjó
voru margar, gamlar vélar
sem voru löngu ónýtar.

Tomma fannst gaman að leika sér
í gamla, ónýta jeppanum.

Honum fannst líka gaman að leika sér
í gamla ryðgaða traktorum
og vélsleðanum.


Þá þóttist Tommi vera fullorðinn.
Hann ímyndaði sér að hann væri
uppi á fjöllum eða í heyskap
í brakandi þurrki.

Hvar fannst Tomma gaman að leika sér?



Það er svo auðvelt að láta sig dreyma.
Það fannst Tomma að minnsta kosti.
Þegar Tommi settist undir stýri
á einhverju ónýtu tæki
ók hann þangað sem hugurinn bar hann.
Ef hann vildi fara í heyskap
fór hugurinn með hann í heyskap.
Ef hann langaði að fara upp á fjöll
á vélsleðanum bjó hugurinn til snjó.
Svo var brunað af stað.

Hvernig draumar eru dagdraumar?





Tomma fannst gaman að láta sig dreyma.
Hvað gat hann annað gert?
Bara átta ára polli.
Eftir nokkur ár verður hann orðinn stór.
Nógu stór til að keyra í alvörundi.



Ó, ó, Ó!

Hvað er að pabba
og mömmu?
Þau vildu fara að taka til
í kringum bæinn.
Það átti að henda öllum
gömlu tækjunum sem
Tommi lék sér í.
Tommi varð fjúkandi reiður.





– Nei, nei, hrópaði Tommi.

Þið snertið ekki gömlu tækin mín!

– Þetta er svo mikið drasl, sagði mamma.

– Við verðum að hafa snyrtilegt
í kringum bæinn, sagði pabbi.

– Hvar á ég þá að leika mér? spurði Tommi.

Og hvað haldið þið að Katla frænka segi
þegar hún kemur í heimsókn næsta sumar?

Hvar eigum við að leika okkur?

Hvers vegna vildu mamma og pabbi henda tækjunum?

Tommi fór í fýlu og augun skutu gneistum.
Hann fór út í fjós
og hélt mikla ræðu yfir kúnum.
Það var eins og kýrnar skildu hann
því þær bauluðu ógurlega.
Hvað átti hann að gera?



Tommi settist hjá kúnum og fór að hugsa.

Nautið baulaði hátt.

Tommi var hræddur við nautið.

Hvernig gat hann bjargað
tækjunum sínum?

Tommi hugsaði
og hugsaði.

Allt í einu teygði
lítill kálfur hausinn
að Tomma og sleikti
á honum nefið.

Nefið á Tomma varð slímugt.


En honum var alveg sama.

Hann hafði um alvarleg mál að hugsa.



Kálfurinn og Tommi horfðust í augu.
Það var eins og kálfurinn væri
að reyna að hjálpa honum.

Allt í einu fékk Tommi hugmynd.
Mjög góða hugmynd.
Hann spratt á fætur.
Tommi var svo glaður
að hann faðmaði kálfinn að sér
og flýtti sér heim.



Pabbi, pabbi, mamma, mamma!

hrópaði Tommi æstur og glaður.

Ég veit hvað við gerum!



– Ha, sögðu pabbi og mamma hissa.

– Ertu hættur í fýlu? spurði pabbi.

– Þú ert heldur ekkert reiður lengur,
sagði mamma.

Nei, Tommi var ekkert reiður
og fýlan varð eftir í fjósinu.

– Ég fékk svo góða hugmynd úti í fjósi,
sagði Tommi æstur.

– Góða hugmynd?

Pabbi og mamma urðu mjög spennt.

– Við hendum ekki vélunum,
sagði Tommi.

– Hvað gerum við þá?
spurðu pabbi og mamma.



Endurnýtið!



– Við hendum ekki vélunum,
endurtók Tommi ákveðinn.

Sko, við endurnýtum vélarnar.

– Endurnýtum?

Þetta hafði pabba og mömmu ekki
dottið í hug.

– Við tökum gömlu vélarnar í sundur
og setjum þær svo saman aftur
og búum til flott tæki.

Kannski mörg.

Nú þurftu pabbi og mamma að hugsa.

– Ertu að meina að við búum til
flott tæki úr gamla draslinu?


– Já, einmitt, sagði Tommi.



Pabbi hugsaði mikið og sagði ekki neitt.
Tommi var spenntur að heyra
hvað pabba og mömmu fyndist.
Pabbi leit á öll gömlu tækin.
Mamma og pabbi litu hvort á annað.

Tommi var að springa úr spenningi.
Hvað skyldi pabbi segja?
Það leið dágóð stund þangað til
pabbi brosti og sagði:
– Tommi, þetta er frábær hugmynd!
– Það finnst mér líka, sagði mamma.

Tommi varð svo glaður að hann hoppaði upp um hálsinn á pabba. Tommi kyssti hann beint á nefið rétt eins og kálfurinn hafði knúsað nefið á honum. Um kvöldið þegar Tommi og pabbi mjólkuðu kýrnar röbbuðu þeir saman um hvað þeir gætu búið til úr gömlu vélunum.




Um haustið voru vélarnar settar inn í skemmu.

Tommi og pabbi rifu í sundur gamla jeppann, ryðgaða traktorinn, vélsleðann og fjórhjólið.

Öll fjölskyldan pældi og pældi.

Þau teiknuðu mörg undarleg tæki og skemmtu sér vel.

Hvar voru vélarnar geymdar um veturinn?



Þegar þetta fréttist um sveitina
komu margir sem vildu hjálpa.
Öllum fannst þessi hugmynd
Tomma alveg frábær.
Margir bændur komu með drasl
sem nota mátti við smíðina.
Það var gaman í skemmunni þennan vetur.

Hvernig leist fólkinu í sveitinni á hugmyndina hans Tomma?




Mörg skrýtin tæki urðu til í skemmunni.
Sumum var jafnvel hægt að aka.
Önnur voru bara skemmtileg leiktæki.
Öll tækin fengu nöfn.
Eitt hét til dæmis snjójeptor.
Það var sett saman úr snjósleða,
jeppa og traktor.
Annað fékk nafnið sláttufjórslæði.
Það var sett saman úr gamalli sláttuvél,
fjórhjóli og snjósleða.
Já, þetta var gaman.

Úr hvaða tækjum ætli snjójeptor sé búinn til?



Á 17. júní var skemman skreytt
og öllum boðið að koma
til að skoða þessi flottu tæki.
Katla frænka kom líka í heimsókn.
Það kom meira að segja lúðrasveit
sem kom öllum í hátíðarskap
og fréttamaður frá sjónvarpinu
sem tók viðtal við Tomma.
Þetta var stórkostlegur dagur.

Hver tók viðtal við Tomma?



Nú var Tommi glaður.

– Næsta vetur skulum við smíða
eldflaug, sagði Tommi eitt kvöldið
og horfði dreymandi upp í himininn.

– Eldflaug? spurði pabbi hissa.

– Já, eldflaug sem
getur farið með okkur
til tunglsins.

Pabbi brosti
og hristi höfuðið.

– Tommi minn, þú veist
hvað ég er lofthræddur.

Tommi hló.

Það er margt sem hann
ætlað að gera þegar hann
verður orðinn stór.



Til kennara og foreldra!

Í *Smábókaflokki* Menntamálastofnunar eru bækur sem ætlað er að vekja lestraráhuga yngstu barnanna og veita þeim þjálfun í lestri. Leitast er við að höfða til ólíkra áhugasviða með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Lögð er áhersla á að sögunar höfði jafnt til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst kímniááfu lesenda.

Á vefrtorginu *Íslenska fyrir yngsta stig – vefefni* eru fjölbreyttar kennsluhugmyndir með bókunum sem henta bæði í einstaklings- og hópvinnu og þangað má sækja verkefni til að prenta út.

Áður en bókin er lesin

Áður en lestur hefst ættu nemendur að skoða bókina, ræða um hana og kynna sér

- hver er höfundur hennar
- hver hefur teiknað myndirnar
- hvað bókin heitir, þ.e. titill
- um hvað hún fjallar

Einnig ættu nemendur að skoða vel myndirnar og gera sér í hugarlund hvað gerist í sögunni, hvar hún fer fram, hver atburðarásin er, hvaða persónur sjást á myndunum o.s.frv.

Umræðuefni heima og í skólanum

- **Hver er munurinn á að alast upp í bæ eða sveit?** Börn alast upp við mjög fjölbreytilegar aðstæður. Sum í dreifbýli, önnur í þéttbýli. Hver er munurinn? Hvað hefur sveitin upp á að bjóða en ekki þéttbýlið. Hvað hefur þéttbýlið fram yfir dreifbýlið?
- **Hvað dreymir þig um að gera þegar þú verður stór?** Allir krakkar eiga sér drauma um framtíðina. Hvað dreymir þau um? Hvað dreymdi þabba og mömmu um. Rættust þeir draumar?
- **Skilja dýr mannamál?** Á myndunum í bókinni er eins og hundurinn hans Tomma sé að fylgjast með því sem Tommi segir. Skilja dýr mannamál? Hver er reynsla barnanna?
- **Hvað er endurnýting?** Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á að endurnýta. Stuðla nemendur með einhverju móti að endurnýtingu hluta?
- **Öryggi.** Hvaða öryggistæki þarf þegar ekið er um á snjósleða, fjórhjóli, dráttarvél eða bara venjulegu reiðhjólí? Hvaða reglur gilda um hvenær börn og unglingar mega aka slíkum tækjum? Hvað skal gera ef slys bera að höndum?

Skemmtileg verkefni

- Teiknið sniðug tæki eða hluti sem búa má til úr drasli. Gefið þeim nafn.
- Fréttamaður tók viðtal við Tomma. Búið til samtal fréttamannsins og Tomma og leikið fyrir bekkjarfélagana.
- Skriði sögu um Tomma þegar hann verður orðinn stór. Lesið söguna fyrir bekkinn ykkar.


SMÁBÓK

Tommi og tækin

Tommi átti heima í sveit á bænum Múla.
Þar voru margar vélar sem gaman var að leika sér í.
En einn daginn fengu pabbi hans og mamma tiltektaræði.
Lestu um hvað Tommi gerði þá.

Smábækur Menntamálastofnunar eru ætlaðar
börnum sem eru að æfa lestur.
Á www.nams.is má finna verkefni með sögunni.

Höfundur texta er Jón Guðmundsson.
Myndir teiknaði Böðvar Leós.



m

MENNTAMÁLASTOFNUN

40293